



ROLEX
Franch Michelsen
 ÚRSMÍÐAMEISTARI
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
 WWW.SVISS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Er prentverkið Svansmerkt?
GUDJÓNÓ
 VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
 Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 22. október 2008 – 43. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Orðskýringin
 Hvað er bjarnarmarkaður?



6

Hugspretta
 Framtíðin liggur hjá sprotunum

4-5



Frosti Ólafsson
 Engin velmegun án framtíðar

6



Á BLAÐAMANNAFUNDI Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra hafa sagst vona að eignir Landsbankans standi undir skuldbindingum tengdum Icesave.

MARKAÐURINN/STEFÁN

Vissu um Icesave-ábyrgðir

Áslaug Árnadóttir, formaður stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, segist hafa vitað um hugsanlegar ábyrgðir sjóðsins vegna Icesave-reikninganna, þegar hún tók við sjóðnum í mars.

Áslaug segir að sjóðnum berist upplýsingar um heildarstöðu innlána hjá bönkunum. Það sé annars ekki brotið niður á einstaka reikninga. Spurð um hvort hún hafi gert einhverjar ráðstafanir vegna hugsanlegrar ábyrgðar sjóðsins á erlendum innstæðum, vísar hún í að sjóðurinn fái upplýsingar um heildina og segir að greitt hafi verið til tryggingarsjóðsins í samræmi við lög. Ekki hafi verið vakin athygli annarra á hugsanlegum ábyrgðum sjóðsins vegna hárra innstæðna í bönkunum.

Um hvort slíkt hafi áður verið gert, vísar hún á Jónas Þórðarson, fyrrverandi framkvæmdastjóra sjóðsins. Jónas neitar að svara fyrirspurnum fjölmiðla.

Nítján milljarðar króna eru í íslenska tryggingarsjóðnum. Samkvæmt lögum um sjóðinn ábyrgist hann að lágmarki sem nemur 20.887 evrum hjá hverjum innistæðueiganda.

Ábyrgðir vegna Icesave-reikninganna í Bretlandi gætu numið hundruðum milljarða króna. Stjórnvöld hafa sagst vona að eignir Landsbankans ytra dugi fyrir innstæðunum.

- ikh

HELST Í ÚTLÖNDUM

Norsk Hydro | Tekjur Norsk Hydro af áframhaldandi starfsemi eru meira en helmingi minni á þriðja ársfjórðungi en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt nýbirtu uppgjöri eru þær 968 milljónir norskra króna, á móti 2.114 milljónum í fyrra. Ástæðan er sögð samdráttur á heimsmarkaði og aukinn kostnaður.

Franskir bankar | Hlutabréf franskra banka hækkuðu hratt í gærmorgun eftir að stjórnvöld samþykktu að veita lán að upphæð 10,5 milljarðar evra til sex stærstu banka landsins. Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakka, segir að ekki sé verið að horfa til lausafjárþarfar bankanna, heldur aðgangs einstaklinga og fyrirtækja að lánsfé.

Huga að öryggi | Kínversk stjórnvöld leggja nú sérstaka áherslu á öryggi barnavarnings. Forbes hefur eftir talsmanni kínverskra stjórnvalda að áhersla sé lögð á öryggi í hvítvetna, sérstaklega hvað börn varði. Með þessu mun brugðist við áföllum tengdum menguðum mjólkurvörum og innköllum á gölluðum vöggum í Bandaríkjunum.



Norsk olía | Norðmenn hafa ekki í hyggju að draga úr olíuframleiðslu líkt og OPEC-ríkin hafa lagt til. Í viðtali við norsku fréttaveituna NTB áréttaði Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, að slíkar ákvarðanir tækju Norðmenn á eigin forsendum.

Áfall fyrir Parmalat | Hlutabréf í ítalska matvælafyrirtækinu Parmalat féllu skarpt í gær eftir að fyrirtækið var í Bandaríkjunum dæmt til að greiða Citigroup 364 milljónir dala í bætur. Parmalat höfðaði mál á hendur bankanum eftir þrot félagsins 2003 og bankinn höfðaði mál á móti.

Breskar fasteignir | Velta á breskum fasteignamarkaði hefur dregist saman um 53 prósent á einu ári samkvæmt nýbirtum tölum þar í landi. Samkvæmt frétt BBC voru 59 þúsund íbúðir seldar þar í landi í september, miðað við 126 þúsund á sama tíma í fyrra.

Kröfur Seðlabanka setja allt í uppnám

Fjármálafyrirtæki í enn frekari vandræðum eftir kröfur Seðlabanka Íslands um aukin veð í endurhverfum viðskiptum. Fundað um málið við fulltrúa ríkisstjórnarinnar.

Björn Ingi Hrafnsson
 skrifar

„Það liggur í hlutarins eðli að Seðlabankinn getur tapað verulegu fé á hrúni bankakerfisins enda var hann einn helsti lánveitandi bankanna. Í lok síðasta mánaðar skulduðu fjármálastofnanir Seðlabankans nær 500 milljarða króna, mikið af því lánað gegn veðum sem nú virðast haldlítil,“ segir Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands.

Kröfur Seðlabanka Íslands um aukin veð fjármálafyrirtækja í endurhverfum viðskiptum ollu miklu uppnámi í íslensku fjármálalífi í gær. Fréttablaðið skýrði frá því í gær, að svo virðist sem langstærstur hluti lánakrafna Seðlabankans í endurhverfum viðskiptum við banka og fjármálastofnanir hér á landi hafi tapast við hrún bankanna síðustu daga. Seðlabankinn býður næst út endurverf verðbréf í dag og í vikunni hefur hann óskað eftir viðbótartryggingum hjá fjölmörgum fjármálafyrirtækjum. Mesta krafan er gerð á hendur Icebank, en bankanum er gert að koma með viðbótarveð upp á 60 milljarða króna. Ólíklegt er að bankinn geti brugðist við þeirri beiðni og blasir því þrot við að óbreyttu, sem gæti haft keðjuverkandi áhrif á marga sparisjóði í landinu. Fundað var með stjórnvöldum og Seðlabanka vegna þessara mála í gær.

Straumur lagði fram viðbótarveð í gær, sama gerði Askar Capital. VBS fjárfestingarbanki segir



SEÐLABANKI ÍSLANDS Upphaflega stóð til að Seðlabankinn hefði forgang á veðskuldbindingar „gömlu“ bankanna en fallið var frá því þar sem sú skipan var ekki talin standast lög.

MARKAÐURINN/ARNÞOR

að verði staðið við samninga sem bankinn hafi gert, verði eigið fé ekki í hættu. Byr og SPRON sendu frá sér tilkynningu, þar sem fram kemur að greiðslumiðlun þeirra innanlands hafi ekki farið gegnum Icebank. SPRON segist hafa gert ráð fyrir að kallað yrði eftir frekari veðum og forsvarsmenn Byrs segjast aðeins hafa unnið með ríkisskuldabréf í viðskiptum sínum.

„Ef Seðlabankinn væri venjulegt fyrirtæki eða banki stæði hann nú hugsanlega frammi fyrir tæknilegu gjaldþroti,“ segir Ólafur Ísleifsson lektor. „Komi til umtalsverðs eignatjóns bankans kemur í hlut ríkissjóðs að leggja honum til nýtt fé svo að hann verði starfhæfur. Hafa má í huga að eigið fé Seðlabankans er 90 milljarðar króna en óvissa ríkir um 350 milljarða króna.“

Vona að gerningar FME standist

Skilanefndir hafa nú 90 daga til að meta virði eigna áður en kemur til gjaldþrotaskipta gömlu bankanna. Við gætu tekið málshöfðanir kröfuhafa.

„Ákveðið var að skipta þessum bönkum upp í „góða“ og „slæma“ banka og þetta er skref í því ferli,“ segir Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur auglýst ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka og Glitnis yfir í nýju ríkisbankana.

Eignir sem ekki eru fluttar eru fyrst og fremst kröfur á hina bankana og verðbréf þeirra. Þá verða allar eignir erlendra dótturfélaga, og kröfur bankanna á útibú og dótturfélög erlendis, eftir í eldri bönkunum. Sömu leiðis munu „útlán í verulegri tapsáhættu“ skilin eftir.

Samkvæmt auglýsingu FME fær skilanefndin nú 90 daga til að meta virði allra þeirra eigna sem fluttar eru yfir í nýju bankana. Sigurður Tómas Magnússon, lögfræðingur og kennari við Háskólann í Reykjavík, bendir á að að því ferli loknu hljóti að hefjast gjaldþrotaskipti gömlu bankanna. „Og þá ráða kröfuhafarnir ferðinni. Skiptastjóri eða kröfuhafar geta höfðað mál til endurheimtu verðmæta sem ráðstafað hefur verið í bága við jafnræði kröfuhafa áður en gjaldþrotaskipti hófust.“

Sigurður telur ekki útilokað að kröfuhafarnir reyni þá jafnvel að rétta gerninga Fjármálaeftirlitsins „og eiga dómstólar þá síðasta orðið, eins og í öðru. Í lögunum fólst röskun á eignarréttindum, en það verður að hafa í huga að Fjármálaeftirlitið hefur starfað undir neyðaraðstæðum og maður vonar að allir gerningar þess standist.“

Varðandi hvort skilanefndir gætu ekki allt eins ráðstafað til sölu innlendri starfsemi bankanna, líkt og ef lífeyrissjóðirnir hefðu keypt starfsemi Kaupþings, segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra það ekki samrýmast heimildum þeirra. „Samkvæmt neyðarlögunum og upplaggi okkar er það þannig að Fjármálaeftirlitið tekur yfir alla starfsemi bankanna og vald hluthafafundar. Upplaggið var að skipta starfsemi í tvennt, taka með lögmætum hætti innlenda hlutann út úr starfsemi gömlu bankanna og sjá til þess að í nýju bankana fari það eitt sem henni viðkemur,“ segir hann. Í gömlu bönkunum verði svo eftir gríðrleg verðmæti sem standi upp á skilanefndirnar að passa að fari ekki forgörðum. Björgvin segir lykilafríði í ferlinu að kröfuhöfum verði ekki mismunad.

- msh / óká

TrackWell

Tíma- og verkskráning
 Flotastýring og eftirlit
 www.trackwell.com

GENGISPRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|-----------------|---------|--------------|
| Alfesca | -11,1% | -42,3% |
| Atorka | -78,1% | -91,9% |
| Bakkavör | +6,0% | -89,1% |
| Exista | -0,9% | -76,6% |
| Glitnir | -100,0% | -100,0% |
| Eimskipafélagið | -18,7% | -96,5% |
| Icelandair | -5,3% | -48,8% |
| Kaupþing | -100,0% | -100,0% |
| Landsbankinn | -100,0% | -100,0% |
| Marel | -0,8% | -30,9% |
| SPRON | -0,0% | -79,2% |
| Straumur | -0,0% | -53,1% |
| Össur | +2,7% | -12,4% |

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.

Brýnast að eyða óvissu starfsmanna

Stjórn Nýja Kaupþings hefur ráðið Finn Sveinbjörnsson sem bankastjóra. Starfsmönnum var tilkynnt um ráðninguna með tölvupósti snemma dags í gær. Finni var boðinn starfinn kvöldinu áður en hann hefur störf í dag.

„Brýnustu verkefni eru auðvitað að huga að skipuriti í nýjum banka og starfsmannamálum,“ segir Finnur og kveður reynt að leiða þau mál til lykta á allra næstu dögum. Nýtt skipurit segir hann væntanlega verða kynnt seinni partinn í dag og starfsmannamál skýrist svo í framhaldi af því. „Starfsfólk hefur vitanlega verið hér í nokkurri óvissu og því fyrr sem henni er eytt þeim mun betra.“

Næsta mál á dagskrá segir Finnur svo að aðstoða hér bæði fyrirtæki og einstaklinga sem kunni að hafa lent í erfiðleikum með fjármál sín í þeim



FINNUR SVEINBJÖRNSSON

hremmingum sem þjóðin gengur í gegnum. Með ráðningu Finns hafa verið ráðnir bankastjórar yfir alla þrjá bankana sem ríkið tók yfir. Birna Einarsdóttir var hjá Glitni og Elín Sigfúsdóttir hjá Landsbankanum. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að tímabundnar stjórnir sem skipaðar hafa verið yfir nýju bankana fari með mikið hlutverk og bendir á að á næstu vikum verði kosnar varanlegar stjórnir. „En fyrir einstök verk stjórnar verður hún að svara sjálf,“ segir hann spurður um hvernig á því standi að leitað hafi verið út fyrir Kaupþing eftir nýjum forstjóra, en inn í starfsmannahóp bæði Glitnis og Landsbankans. Ólafur Hjálmarsson, stjórnarformaður Nýja Kaupþings, hefur ekki svarað ítrekuðum viðtalsbeiðnum.

- óká

Bauhaus segir upp fólki

Flestu starfsfólki sem Bauhaus hafði ráðið til að undirbúa opnun verslunar undir Úlfarsfelli hefur verið sagt upp störfum.

Halldór Óskar Sigurðsson, framkvæmdastjóri, segir í samtali við Vísi ekki hætt við að hefja hér starfsemi, þótt uppbyggingu hafi verið frestað.

Ekki liggur fyrir hversu mörgum var sagt upp, en Halldór segir þá hlaupa á tugum. Um sé að ræða sölustjóra, deildarstjóra og fleiri. Verið sé að athuga hvort hluti hópsins geti fengið vinnu hjá Bauhaus í Danmörku.

- óká

Skattar meiri frá fólki

Almennur tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur einstaklinga í fyrra var meiri en samanlagður skattur allra fyrirtækja í landinu.

Í heildina greiddu einstaklingar ríflega 94 milljarða króna í tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt, en skattgreiðslur lögaðila námu í heild tæplega 81 milljarði króna. Þetta kemur fram í staðtölum skatta.

Almenningur greiðir útsvar auk almenna tekjuskattsins og fjármagnstekjuskattsins. Það

nam ríflega 85 milljörðum króna í fyrra.

Alls greiddu einstaklingar því ríflega 179 milljarða króna til samneyslunnar, meira en tvisvar sinnum meira en lögaðilar.

Markaðurinn hefur áætlað að tekjur ríkisins af stóru bönkunum þremur, sem nú hafa verið þjóðnýttir, hafi í heildina numið 37 milljörðum króna í fyrra. Inni í þeirri tölu eru reyndar einnig tekjuskattur einstaklinga sem unnu í bönkunum.

- ikh

Bil eykst milli ríkra og fátækra hjá OECD

Bilið milli ríkra og fátækra hefur breikkað í þremur fjórðum af aðildarlöndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) síðustu tuttugu ár. Þetta er niðurstaða nýrrar skýrslu stofnunarinnar.

Fram kemur að hagvöxtur síðustu áratuga hefur fyrst og fremst bætt lífskjör þeirra efnameiri. Meginástæða aukinnar misskiptingar er sögð fjölgun atvinnulausra og ómenntaðs verkafólks.

OECD leggur áherslu á að koma verði í veg fyrir aukna misskiptingu. Um leið er bent á að eldri leiðir til að berjast gegn fátækt, félagslegar millifærslur og tekjujöfnun með aðstoð skattkerfisins, virðast ekki bera sama árangur og á áratugunum eftir seinna stríð. Því er lögð áherslu á að aðildarríki tryggja hátt atvinnustig og bæti menntun verkafólks.

- msh

Gefa afslátt í dýfunni

Nokkuð hefur borið á uppsögnum hjá auglýsingastofum vegna samdráttar í efnahagslífinu. Hjá auglýsingastofunni ENNEMM reyna menn aðra leið.

„Við reynum að vera bjartsýn og bjóða betri kjör á auglýsingar,“ segir Hallur A. Baldursson, starfandi stjórnarformaður auglýsingastofunnar. Afslátturinn er samkomulagsatriði en ætti alla jafna að nema um fimmtán prósentum.



HALLUR A. BALDURSSON

Hallur segir landsmenn sem í losti eftir þrot bankanna og hægst hafi mjög á hjólum efnahagslífsins. Slíkt sé varasamt og hafi auglýsingastofan því ákveðið að leggja lóð sitt á vogarskálarnar með verðlækkun auglýsinga. Á móti verði dregið úr rekstrar-kostnaði, jafnvel með því að starfsmenn taki á sig tíma-bundna launalækkun. Hann segir með þessu móti leitast við að halda öllu starfsfólki.

- jab

Norski Glitnir seldur

Skilanevnd Glitnis hefur selt starfsemi bankans í Noregi fyrir tæp tíu prósent af upphaflegu kaupverði. Hagsmunir og skuldbindingar réðu verðinu, segir formaðurinn.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Með sölnni á Glitni voru stærri hagsmunir varðir, lán til gamla Glitnis og aðrar skuldbindingar í Noregi,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanevndar Glitnis.

Nefndin hefur selt eftirstandandi bankastarfsemi Glitnis í Noregi til tuttugu sparisjóða í samtökunum Sparebanken 1 þar í landi fyrir þrjú hundruð milljónir norskra króna, jafnvirði rétt rúmra fimm milljarða íslenskra.

Bankastarfsemi Glitnis byggðist upp á BNbank í Þrándheimi og Kredittbanken í Álasundi og var keypt fyrir fjórum árum fyrir samtals 3,4 milljarða norskra króna. Söluandvirði nú er því innan við tíu prósent af upphaflegu kaupverði.

Áður hafði önnur starfsemi Glitnis í Noregi verið seld starfsmönnum fyrirtækjanna þar fyrir brot af upphaflegu kaupverði.

Greiningardeild Kaupþings sagði í Hálfmífréttum í gær, að miðað við þetta megi gera afar góð kaup á íslenskum bankaeignum þessa dagana.

Árni segir að með sölu bankans sé lán Glitnis hér á landi til norska bankans upp á hundrað milljarða íslenskra króna tryggt. Hefði norskur bankinn farið í þrot hefði mátt afskrifa lánið. Heildarskuldbindingar Glitnis í Noregi nema 47 milljörðum norskra króna.

Af heildarlánum er bráðabirgðalán með ströngum skilyrðum frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda í Noregi til bankans. Með sölnni er bankinn leystur undan þeirri skuldbindingu.

Þá sé tryggt að starfsemi Glitnis í Noregi verði óbreytt. Hjá bankanum starfa 160 manns og halda þeir störfum sínum. Tryggt er að norskir innlánsþegar verða ekki fyrir skakkaföllum af Íslands hálfu, að sögn Árna, sem bendir á að með sölnni hafi falist margþætt lausn.



GLITNIR Formaður skilanevndar Glitnis segir mikilvægt að standa við skuldbindingar gamla bankans og tryggja hagsmunum hans. Verkefni sem ekki tengjast bankastarfsemi verða ekki seld í bili.

MARKAÐURINN/HEIDA

„Mestu skiptir að enginn í Noregi hefur tapað á viðskiptum við Íslendinga,“ segir Árni.

Hann segir skilanevndina hafa stefnt að því að fá herra verð fyrir bankann. En raunin hafi orðið önnur. Annar veruleiki hafi blasað við hefði bankinn ekki verið seldur og afleiðingarnar eftir því skelfilegar. „Auðvitað er maður aldrei sáttur við að fá ekki herra verð. En hefðum við ekki selt bankann og snúið baki við skuldbindingum okkar hefði álit Norðmanna á okkur borið stórskaða af.“

Hann segir marga hafi sýnt bankanum áhuga eftir að hann fór í söluferli fyrir viku, bæði norskir aðilar sem aðrir.

Önnur verkefni Glitnis erlendis ótengd bankastarfsemi, svonevnd slyluverkefni tengd sjávarútvegi í S-Ameríku og jarðvarmaverkefni í Asíu, liggja enn hjá skilanevnd. Þau verði ekki seld í núverandi ástandi. „Við höfum orðið vör við áhuga á þeim hjá innlendum og erlendum aðilum og munum að sjálfsögðu selja þau ef viðunandi verð fæst fyrir þau. Þau verða ekki seld fyrir brot af nafnvirði,“ segir Árni.

NETAFRITUN EJS

Lausnasvið EJS býður upp á netafritun á áður óþekktu verði.

ÖRUGG OG TRAUST

Netafritun EJS er 100% sjálfvirk og örugg og engin þörf er á mannlegum afskiptum. Gögnin þín eru varin eldsvoðum, þjófnaði, skemmdarverkum og náttúruhamföllum þar sem gögnin eru geymd á öruggum stað í hýsingarsal EJS.

AUÐVELT Í NOTKUN

Uppsetning Netafritunar EJS er auðveld í framkvæmd. Allir sem hafa grunnþekkingu á tölvum geta framkvæmt uppsetninguna án nokkurra vandkvæða.

HENTAR SMÁUM SEM STÓRUM

Netafritun EJS er bæði fyrir útstöðvar og netþjóna og styður öll helstu stýrikerfi og gagnagrunna, þ.m.t. Windows, Linux, Mac, Unix, MS Exchange, MS SQL, My SQL og Lotus Notes.


Það er til lausn á öllu

Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið



EKKI BÍÐA EFTIR BIÐRÖÐINNI
VETRAR- / HEILSÁRSDEKKIN FÆRÐU HJÁ OKKUR
GOTT ÚRVAL – FRÁBÆRT VERÐ

pitstop
ÞJÓNUSTA Í FYRIRRÚMI



MICHELIN

BFGoodrich

Kleber

Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi



Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta



pitstop

Rauðhelli 11 Hfj.
Sími: 568 2035



pitstop

Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121



pitstop

Dugguvogi 10
Sími: 568 2020



HELIX

Við notum Shell Helix smuoliur



HUGMYNDR Á BLAÐI Niðurstöður af hugmyndavinnu þátttakenda Hugsprettu voru hengdar upp á vegg þegar vinnuhóparnir höfðu lokið sér af. Hér er lítið brot af þeim.



ANDRI ÞAKKAR FYRIR SIG „Þótt við séum að fara í gegnum erfiðleika núna, þá stöndum við sterk til lengri tíma lítið,“ segir Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit.



BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Forsvarsmenn Hugsprettu telja að um 250 manns hafi setið fyrirlestra um sjálfstæða sköpun í Háskólabíói um síðustu helgi. Björk vann að því bæði laugardag og sunnudag að leggja grunninn að atvinnuskapandi verkefnum.

Af sprotum sprettur ný fr

Íslendingar standa frammi fyrir miklum breytingum á efnahagslífi þjóðarinnar. Stjórnálamenn og flestir þeir sem tjáð sig hafa um framtíðina segja mikilvægt að horfa fram á veginn enda mörg tækifæri til staðar. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson dýfði stóru tanni í kraumandi hugmyndapott sprotafyrirtækjanna um síðustu helgi og komst að því að þar liggja óteljandi framtíðarleiðir.

Það er fullt af tækifærum,“ segir dr. Eypór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks, nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins. Hann mælir með því að fólk hætti að horfa til fortíðar, brjóti baksýnnispegilinn og gefi í fram á veg. Hann segir ekkert að óttast.

Klak ásamt frumkvöðlasetrinu Innovit stóðu saman að ráðstefnunni Hugspretta – landnám nýrra hugmynda á laugardag í félagi við stúdentafélög Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst, Listaháskólans og Keilis á Keflavíkflugvelli.

Markmiðið var að fá ungt fólk til að snúa bókum saman og vinna að stefnumótun fyrir framtíð Íslands og sjá eigin tækifæri til nýsköpunar.

Ráðstefnan átti sér skammán aðdraganda. „Við ákváðum þetta með viku fyrirvara,“ segir Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit. Menn hafi ákveðið að nýta tímann vel, keyra hugmyndina áfram af fullum krafti og fá jákvæðan innblástur inn í annars neikvæða umræðu eftir þrot bankanna í byrjun mánaðar sem virðist hafa fært landið inn í nýja og næsta óþekkta tíma fyrir marga. Hvert stefnir leiðir tíminn svo í ljós.

„Þótt við séum að fara í gegnum erfiðleika núna, þá stöndum við sterk ef horft er lengra fram í tímann,“ segir Andri.

Tiltölulega ódýr og einföld leið var farin til að auglýsa ráðstefnunna. Síða var sett upp á samfélagsvefnum Facebook og á vefsíðum aðildarféлага. Þar skráði

fólk sig til þátttöku. Í boði var snakk og keks, kaffi og með því ásamt kraumandi hugmyndafljóti.

Innovit, sem stofnað var af háskólanemendum í fyrra, er nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir fólk með viðskiptahugmyndir en áherslan er lögð á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Nokkur af helstu útflutningsfyrirtækjum landsins í dag urðu einmitt til upp úr verkefnum í Háskóla Íslands en voru tekin lengra. Stoðfyrirtækið Óssur og matvælavinnsluvélaframleiðandinn Marel Food Systems eru dæmi um slíkt.

BAKLANDIÐ TRAUST

Andri og Eypór segja báðir fjármagn skorta til sprotafyrirtækja hér á landi, ekki síst á fyrstu

stigum. Þar stöndum við frændum okkar á Norðurlöndunum og víðar að baki. Andri bendir á að í nágrannalöndunum, svo sem í Danmörku og Skotlandi, setji einkafjárfestar og stjórnvöld oft á laggirnar sameiginlegan vettvang þar sem hvor um sig leggi fram lágur en jafn háar upphæðir til sprotafyrirtækja.

Með þessu móti fái mörg ung sprotafyrirtæki tækifæri til að komast upp af byrjunarstiginu og vaxa frekar. „Þetta lag hefur alltaf vantað á Íslandi,“ segir Andri. Þetta er gömul saga, sem hollt er að hamra á.

Sprotafyrirtæki sem komin eru á legg geta þó fetað ýmsa stigu í leit að fjármögnun. Innovit leiðir háskólanema eða þá sem nýútskrifaðir eru áfram auk þess sem Klak blæs til Sprotapings tvisvar á ári og leiðir þar saman

fyrirtæki og fjárfesta, sem luma á réttum leiðarvísunum um krókastiguna. Auk þessa starfrækir Klak Viðskiptasmiðju, námsbraut á háskólastigi, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og í Lundi í Svíþjóð. Markmið námsins er að nemendur stofni fyrirtæki og hefji rekstur þess á námstímanum.

Þá býr Nýsköpunarmiðstöð Íslands yfir sérfræðingum sem geta stutt við bakið á sprotamönnum og fólk sem lumar á göðum hugmyndum.

Á öllum stöðum geta sprotafyrirtæki fengið þak yfir starfseminna tímabundið á meðan grunnvinnan fer fram auk þess að byggja upp tengslanet, sem er einn af mikilvægustu þáttum sprotageirans.

ÞEKING DEYR ALDREI

Spurður um áhættuna sem felist í stofnun sprotafyrirtækis, sem oft eigi erfitt uppdráttar, jafnvel heyri sögunni til innan fárra ára, segir Andri ekkert að óttast. „Þekking hverfur aldrei með einu sprotafyrirtæki heldur flyst hún á milli með starfsmönnum,“ segir hann.

Dæmin eru mýmörg en hugbúnaðarfyrirtækið Oz, sem Guðjón Már Guðjónsson, einn þátttakenda á Hugsprettu, er þekktasta dæmið um slíkt. Margir fyrirverandi starfsmenn Oz hafa stofnað sprotafyrirtæki hér heima og erlendis á síðustu árum. Þekktast þeirra í dag er tölvuleikjafyrirtækið CCP en önnur eru Hex, Trackwell, sprotafyrirtækið Gogoyoko og fleiri til.

Þekking fjármálafélksins virkjuð

„Bankarnir tóku allt besta fólk. Nú verðum við að virkja þá sem missa vinnuna og koma í veg fyrir að það fari úr landi,“ segir Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

Halldór segir marga óttast að stór hluti af velmenntuðu og frjóu starfsliði bankanna hverfi af landi brott eftir að bankageirinn var stokkaður upp í byrjun mánaðar. Margir horfa til Norðs.

Halldór og frumkvöðullinn Hjálmar Gíslason hafa hist reglulega ásamt öðrum, svo sem forsvarsmönnum Nýsköpunarmið-

stöðvar Íslands, eftir að bankarnir fóru í þrot til að finna leiðir og hámarka þau tækifæri sem biði starfsfólks bankanna. Þá hafa þeir kortlagt sprotageirann, sem þurfi á hæfu starfsfólki að halda, til að finna farveg fyrir þá þekkingu úr bankageiranum sem nú er á lausu.

Ekki megi þó reikna með að sprotafyrirtækin geti tekið við öllum.

Fleiri hafa lagt lóð sín á vogsarskálarnar en Nýsköpunarmiðstöðin, Samtök starfsmanna fjármála- og fjárfyrirtækja og Samtök atvinnulífsins gerðu í síðustu viku með sér samstarfssamning um


leit og framboð á möguleikum til atvinnusköpunar fyrir félagsmenn fjármála- og fjárfyrirtækja, svo sem farveg fyrir nýsköpun og frumkvöðlavinnu.

Halldór segir hættuna felast í því að fólk í fjármálagiranum verði látið vinna uppsagnarfrest sinn og fari svo á atvinnuleysisbætur. Nær sé að hvetja fólk til að ræða saman og þróa hugmyndir sem það lumi á og vera þátttakendur í jákvæðu uppbyggingarferli á sama tíma og bætur eru greiddar.

„Það er fullt af húsnaði laust og lítið mál að útvega skrifstofubúnað,“ segir Halldór.



HALLDÓR JÖRGENSSON Framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi segir mikilvægt að skapa frjóan vettvang fyrir það velmenntaða starfsfólk fjármála- og fjárfyrirtækja sem er að missa vinnuna á næstunni.



amtíð

FRÆ VERÐA TÆKIFÆRI

Forsvarsmenn Hugsprettu telja að um 250 manns úr ýmsum greinum háskólakimans hafi setið fyrirlestra fyrri hluta ráðstefnunnar og hlýtt á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, Björk Guðmundsdóttur söngkonu, Magnús Scheving, stofnanda Latabæjar og Íþróttarálf, Guðjón M. Guðjónsson, raðfrumkvöðul sem stofnaði hugbúnaðarfyrtækið Oz á sínum tíma, og fleiri.

Guðjón gagnrýndi vaxtarhug stórfyrirtækja síðustu ár og tók Björk sem dæmi. Vissulega gætu fyrirtæki eflst með vexti. En varla dytti Björk í hug að kaupa bresku hljómsveitina Radiohead næst þegar hún stefndi að því að gera plötu. Í gagnrýninni fólst svo sem að fyrirtæki líta gjarnan yfirtöku á keppinautum sem nýsköpun. Með því móti sneiði þau gjarnan hjá því að þurfa að hugsa heldur taki þau yfir fyrirtæki, sem sjái um slíkt. Nýsköpun Bjarkar liggi hins vegar hjá henni sjálfri. Hún gæti ekki keypt sér forskot.

Að erindum loknum gafst þátttakendum kostur á að setjast í fjölmarga vinnuhópa þar sem nýjar og ferskar hugmyndir um gjaldeyrisskapandi atvinnu voru ræddar í þaula. Fólk úr listageiranum settist þar niður með verkfræðifólki og öðrum úr skyldum og ótengdum greinum undir handleiðslu kennara og nemenda úr háskólunum sem aðild áttu að verkefninu. Þar suðu hóparnir saman nýjungar sem rötuðu á hugmyndavegg Hugsprettu að verkinu loknu.

Ætla má að hundrað manns hafi tekið þátt í vinnuhópunum. Stefnt er að því að sumar af hugmyndunum verði unnið áfram með á öðrum vettvangi og er verið að móta hann nú um stundir.

Nýr grunnur Íslands

Björk Guðmundsdóttir hafði í nógu að snúast um helgina. Á laugardag hélt hún erindi á Hugsprettu en daginn eftir stóð hún fyrir vinnufundi ásamt sérfræðingum þar sem rætt var um nýsköpun og fjölbreytileika í samfélags- og atvinnuþróun á Íslandi án stóriðju.

Að fundinum stóðu Háskólinn í Reykjavík, Klak og Fræ, stofnun innan HR um almannaeið.

Um 80 manns sóttu fundinn.

Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks, segir stefnt að því að Hugsprettan

og vinnustofa sérfræðinganna renni saman í einn farveg á sam-eiginlegum vettvangi.

Hann segir málið í þróun. Í framhaldinu muni verða búið til nokkur verkefni sem MBA-nemar við Háskólann í Reykjavík vinni frekar. Í kjölfarið fari verkefni til Klaks þar sem nemarnir þróa þá áfram og finni fjárfesta að því.

Hann segir alla þá sem komið hafi að verkefnunum um helgina vilja halda þeim áfram. „Það er frumlegur kraftur í þjóðfélaginu,“ segir hann.



REIFAÐI HUGMYNDIR Söngkonan Björk Guðmundsdóttir ræddi um helgina við sérfræðinga og leikmenn um nýsköpun og fjölbreytileika í samfélags- og atvinnusköpun til að leggja grunn að framtíðaruppbyggingu landsins.

MARKAÐURINN/STEFÁN



HEREFORD
STEIKHUS

Villibráðardagar fim-sun fram að jólahlaðborði

Foréttar þrænna

Grafin gæs með hindberja-vinegar
Fashani með epla-compoti
Heitreykt önd með bláberja-sósu

Milliréttur

Villigæsasúpa

Aðalréttur

Hreindýrasteik með sykruhúðuðum kartöflum,
Waldorf salati og villisósu

Eftirréttur

Logandi Crème Bruée

Verð -6.900 Kr.

Glæsilegt jólahlaðborð hefst föstud. 21. nóv.

Munið að panta í síma 511 3350

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Efnahagur Seðlabankans í uppnámi vegna útlánataps.

Verðmæti almennings

Björn Ingi Hrafnsson

Fréttir gærdagsins af gifurlegu útlánatapi Seðlabanka Íslands vegna endurhverfra viðskipta við viðskiptabankana hafa vakið mikla athygli. Ofan í öll önnur áföll, sem íslenskt efnahagslíf glímur nú við, blasir við að Seðlabanki þjóðarinnar rambar að óbreyttu á barmi gjaldþrots vegna verðlittilla skuldabréfa upp á hundruð milljarða. Svo gæti farið að tapið af þessum viðskiptum einum verði á bilinu 300-350 milljarðar króna. Það er upphæð sem nemur tæplega öllum gjaldeyrissvaraförða þjóðarinnar. Bent hefur verið á að reka mætti Landspítalann í sjö ár fyrir slíka upphæð eða byggja eins og þrjár Kárahnjúkavirkjanir.

Í þessu sambandi ber að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi er óhjákvæmilegt að Seðlabanki, sem banki bankanna, verði fyrir einhverju og jafnvel umtalsverðu fjárhagslegu tjóni þegar bankakerfi heillar þjóðar riðar til falls og þrír stærstu bankarnir komast í þrot. Á hinn bóginn er á það að líta að Seðlabanki er í þessum viðskiptum í einstakri stöðu og hefur nánast getað valið sér veð til tryggingar. Af þeim sökum einum hlýtur áhættustýring og hagsmunagæsla bankans að verða tekin til gaumgæfilegrar skoðunar þegar svo gríðarlegt tap virðist vera staðreynd.

Ekki fást svör við því hvornig staðið var að flutningi þessara krafna við meðferð skilaneftnda á viðskiptabönkunum þremur. Heimildarmenn Markaðarins fullyrða raunar að fulltrúar Seðlabankans hafi minnst verið viðstaddir allt það ferli, hvað þá að þeir hafi gætt þar hagsmuna ríkisins. Við meðferð skilaneftnda Landsbankans, Gltinis og Kaupþings yfir í ný félög urðu kröfur Seðlabankans fyrir vikið eftir í gömlu félögnum og má væntanlega afskrifa þær að mestu eða öllu leyti.

Í yfirlýsingu Seðlabankans frá í gær er gefið í skyn að Fjármálaeftirlitið og stjórnvöld hafi haft um það að segja að þannig var búið um hnútana. Þetta þarf að skýra svo ekki fari á milli mála hvar ábyrgðin og ákvörðunin liggur í þessu tilfelli.

Seðlabankinn þarf einnig að skýra upphæð þeirra gríðarlegu krafna sem hvíla á Icebank, sem nú heitir aftur Sparisjóðabankinn. Þær eru að mestu leyti vegna sams konar viðskipta og gegn veðum í öðrum bönkum sem eru orðin verðlittil. Því er haldið fram að þær nemi fast að 150 milljörðum króna, eða fimmtánföldu eigin fé Icebank, og vandséð að hann geti staðið undir því. Í yfirlýsingu frá í gær, kemur fram að Seðlabankinn hafi leitast við að auðvelda starfsemi innlendra fjármála fyrirtækja í þeirri kreppu sem riðið hefur yfir heiminn. Væntanlega verður að skoða svo umfangsmikla lánafyrirgreiðslu við einn aðila í því ljósi.

Um þetta segir Seðlabankinn í sinni yfirlýsingu:

„Seðlabankinn fylgdi í því efni forðæmi annarra seðlabanka og jók fyrirgreiðslu sína og þar með áhættu. Hann gekk þó ekki jafn langt og þeir seðlabankar sem lengst gengu.“

Auknar kröfur Seðlabankans um tryggingar og veð frá mörgum smærri fjármála fyrirtækjum í gær eru kannski skiljanlegar í ljósi alls þess sem á undan er gengið. Seðlabankinn sér fram á mikið tap og vill lágmarka það eins og kostur er. En afleiðingarnar kunna að gera illt verra. Ríkisstjórnin þarf nú að skoða, úr því sem komið er, hvort sé mikilvægara til framtíðar að halda frekara tapi Seðlabankans í algjöru lágmarki eða halda lífinu í þeim fáu fjármála fyrirtækjum sem enn eru starfrækt hér á landi og berjast nú hvern dag fyrir lífi sínu. Ríkisstjórnin hlýtur fljótlega að þurfa að leggja fyrir Alþingi áætlun um hvornig brugðist verður við fjárhagsvanda Seðlabankans vegna þeirra áfalla sem dunið hafa yfir. Og þá um leið hvort ætlunin er að styðja við bakið á annarri fjármála starfsemi í landinu. Er þeir peningar til? Þarf að taka þá að láni? Verða þeir látnir af hendi án meiri háttar breytinga á stefnu og yfirstjórn bankans? Hvert er álit stjórnmalamanna á þessum málum öllum?

Þögn þeirra er satt að segja orðin ærandi.

bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | msh@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Engin velferð án atvinnulífs

ORÐ Í BELG

Frosti Ólafsson
aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráðs
Íslands.



hvers almenn fyrirtæki megi vænta í viðskiptum sínum við þá. Í dag virðist enginn hafa skýrt umboð innan nýs bankakerfis til að taka mikilvægur ákvarðanir um fyrirgreiðslu og almenna bankajónustu gagnvart fyrirtækjum. Við núverandi aðstæður getur þetta valdið miklu tjóni bæði til lengri og skemmri tíma. Ótækt er að halda allri atvinnustarfsemi í tómarúmi með þessum hætti og mikilvægt að ráða bót á sem allra fyrst.

Í umræðum síðustu vikna hafa mörg og stór loforð verið gefin af stjórnmalamönnum landsins. Það fer enginn í grafgötur með það hversu alvarlegt ástandið er og því er viðbúið að margir komi til með að þarfnast velferðarþjónustu hins opinbera. Þrátt fyrir það er engum greiði gerður með því að gefa loforð sem ekki reynist unnt að standa við. Gera má ráð fyrir verulegum samdrætti í tekjum hins opinbera auk þess sem skuldsetning verður mun hærri en verið hefur. Það mun því bæði halla á tekju- og gjaldahlöðina í rekstrinum. Það gæti því reynst þrautin þyngri að standa við gefin loforð án þess að reka ríkissjóð og sveitarfélög með verulegum halla og aukinni skuldaföfnun.

REIÐI Í UMRÆÐUNNI

Lykilatriði til að rýmka útgjalda-svigrúm hins opinbera er að koma í veg fyrir algjöra lómur atvinnulífsins. Þegar allt kemur til alls er það starfsemi einka fyrirtækja sem skapar megnið af

þeim skatttekjum sem nýttar eru við fjármögnun velferðarkerfisins. Besta kjarabót almennings felst í lágmarkun atvinnuleysis og sem minnstri röskun á eðlilegri starfsemi hagkerfisins.

Umræða síðustu vikna hefur einkennst af reiði og leit að blóraböggjum og skipbrot markaðshyggju og endalok kapitalisma hafa verið tilkynnt víða. Reiðin er skiljanleg enda hefur hrun fjármálakerfisins haft veruleg áhrif á afkomu og framtíðarhorfur flestra heimila. Mikill vöxtur fjármálakerfisins er langt frá því að vera hafinn yfir gagnrýni og vafalaust hefði mátt standa að ýmsum þáttum með öðrum og betri hætti. Aftur á móti á sú staðreynd að gjaldþrot einkafyrirtækja skapi gríðarlegar skuldbindingar gagnvart almennum skattborgurum ekkert skylt við kapitalisma. Í því samhengi væri nær að horfa til brotalama í alþjóðlegu regluverki og eftirliti viðkomandi hagkerfis.

Það er sjálfsgátt mál að skoðað verði ofan í kjöllinn á þeirri atburðarás sem leiddi til núverandi hremminga. Vafalaust leiðir niðurstaðan í ljós að um marga samverkandi þætti hafi verið um að ræða. Þar hafa helstu áhrifaþættirnir vafalaust verið peningastefnan, fjármálastjórn hins opinbera, mikill vöxtur fjármálakerfisins, örmár gjaldmiðill og ófullnægjandi innviðir, regluverk og eftirlit til að glíma við þessar óvenjulegu aðstæður.

ERFIÐIR TÍMAR FRAM UNÐAN

Það sem skiptir aftur á móti mestu máli í núinu er að lágmarka skaðann. Til að svo megi verða er mikilvægt að koma tannhjólum atvinnulífsins í gang aftur sem allra fyrst. Það verður helst gert með því að leysa gjaldeyrissvandann, móta skýra og skynsamlega framtíðarsýn við endurmótun fjármálakerfisins, endurleisa orðspor Íslands á erlendum vettvangi og skapa eins hagfelld skilyrði til fyrirtækjareksturs og mögulegt er.

Næstu misseri verða mörgum erfið. Allar líkur eru til þess að atvinnuleysi aukist verulega, kaupmáttur hefur rýrnað talsvert og margir hafa tapað sparnaði. Það mun því reyna meira á velferðarkerfið heldur en nokkurn tíma áður. Til að hið opinbera sé í stakk búið til að mæta þeim útgjöldum er nauðsynlegt að sem flest íslensk fyrirtæki nái að troða marvaðann og halda rekstri sínum gangandi. Til að svo megi verða þurfa stjórnvöld að leysa áður nefnd mál á allra næstu dögum.

SKÝRT UMBOD VANTAR

Þær aðstæður sem íslenskt viðskiptalíf býr við um þessar mundir eru algjörlega óásættanlegar og mun alvarlegri en stjórnvöld virðast gera sér grein fyrir. Tímabundin gjaldeyrismprun Seðlabanka Íslands hefur leitt til þess að starfsemi fjölmargra fyrirtækja sem stunda utanríkisviðskipti er í lamasessi. Með hverri klukkustundinni sem líður verða fleiri fyrirtæki fyrir alvarlegum skakkaföllum. Margra ára viðskiptasambönd eru í hættu, starfsgrundvelli fjölmargra innflutningsfyrirtækja hefur verið kipt undan þeim og orðspor Íslands hefur beðið verulegan álits-hnekkni á alþjóðamörkuðum. Með þetta í huga ættu stjórnvöld að setja endurreisn gjaldeyrismarkaða fremst í forgangsröð sína.

Að sama skapi er mikilvægt að skýr stefna verði mótuð um framtíð nýrra ríkisbanka og



TÓNLISTARHÚS BYGGT Í REYKJAVÍK Greinarhöfundur bendir á að þær aðstæður sem íslenskt viðskiptalíf er búnar þessa dagana séu með öllu óásættanlegar og segir þær jafnvel mun verri en stjórnvöld virðist gera sér grein fyrir.

ORÐSKÝRINGIN

Bjarnarmarkaður

Þegar talað er um hlutabréfamarkaði á ensku er ýmist talað um „bjarnar“ eða „nautgripamarkaði“, en bjarnarmarkaðir eru hlutabréfamarkaðir þar sem verðhreyfingar eru almennt niður á við. Markaðsaðilar og greinendur sem hafa svarta sýn á framtíð markaða eru oft kallaðir „birni“ en hinir, sem spá verðhækkunum „naut“. Má þá leggja út af því og tala um markaðsbirni og hlutabréfanaut. Dýr hafa oft verið notuð til að lýsa verðbrefasölum, því á nitjándu öld var talað um „hlutabréfasteggi“ í Bretlandi. Greinarmunur er gerður á langvar-

andi og skammæjum bjarnarmörkuðum, því verð getur hækkað tímabundið í bjarnarmarkaði, þó að niðursveiflan haldi áfram. Uppsveiflur í bjarnarmörkuðum eru yfirleitt kölluð bjarnar eða „aula“ upp-hlaup, (bear eða suckers rally) og er þá vísað til þess að skammsýnir fjárfestar rjúka til og lýsa því yfir að „botninum sé náð“ og kaupa hlutabréf til þess eins að horfa á eftir verðinu hrynja aftur. Uppruni orðanna bjarnar- og nautarmarkaðir er óljós, en talið er að orðið bjarnarmarkaður vísi til þess að skinnasalar seldu oft bjarnarskinn af óveiddum dýrum, líkt og skortsalar selja hlutabréf sem þeir ekki eiga. Skortsalar eru oft ráðandi á bjarnarmörkuðum.

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Magnús Sveinn Helgason, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 512 5000 SÍMBREFF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isaföldarprentsmíðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrenu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Eirberg

Betra loft betri líðan

Airfree lofthreinsitækið

- Byggir á nýrri tækni sem eyðir
- Svifryki, myglusveppi og ólykt
- Gæludýrflösu og bakteríum
- Virusum og öðrum örverum
- Er hljóðlaust og viðhaldsfritt
- Tilvalið á heimilið og skrifstofuna

Hæð aðeins 27 cm

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

GREY'S ANATOMY

**VINSÆLASTI
ÞÁTTUR Í HEIMI**

HEFST Í KVÖLD KL. 21:15 – SÖGUÞRÁÐUR SEM KEMUR Á ÓVART



MÁLIN RÆDD Björgólfur Jóhannsson og Ann Davies voru ekki sammála um hversu langan tíma efnahagslífið þurfi til að jafna sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lægðin varir í tvö ár

„Í fjármálakreppum er nauðsynlegt að vinna hratt og leita til fólks sem býr yfir mikilli reynslu,“ segir Ann Davies. Hún starfar hjá markaðs- og ráðgjafarfyrirtækinu KPMG í Lundúnum í Bretlandi en vann með Alþjóðdagjaldeyrissjóðnum að uppbyggingu fjármálageirans í Taílandi í kjölfar efnahagslæðar sem gekk yfir Asíu undir lok tíunda áratugar síðustu aldar.

Davies fjallaði um störf sín og áhrif fjármálakreppunnar á fundi Félags viðskipta- og hagfræðinga í gær.

Davies sagði sjóðinn hafa lagt til fjölda breytinga eftir bankahrunið í Taílandi, svo sem tilslökun á heimildum erlendra aðila til fjárfestinga í bönkum, sem áður takmarkaðist við fjórðungshlut. Þá var nefnd sett á laggirnar sem vann að uppstokkun bankageirans þar í landi.

Uppstokkunarferlið stóð yfir frá nóvember 1997 fram í febrúar árið eftir og nam kostnaðurinn 32 prósentum af landsframlæiðslu. Davies taldi öðru máli gegna nú og gerir ráð fyrir að efnahagslífið hér beri merki bankabrotsins í um tvö ár áður en það jafni sig.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sem hélt erindi ásamt Davies, var á öðru máli. Taldi hann viðsnúninginn ganga hratt fyrir sig enda sé hagkerfið smátt og sveigjanleg. En landinn verði að standa saman. - jab



HAGKAUP
Ein fers betra vers

skemmtilegr

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: **STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR:**

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



MOMENTUM
greiðslu- og innheimtupjónusta

**KOSTAR ÞIG
EKKI KRÓNU!**

Milliinnheimta sem er kröfuhafa að kostnaðarlausu
Kynntu þér innheimtuaðferðir okkar á momentum.is

BANKHÓLFID

Líkin hrannast upp í Bretlandi

Lík hrannast nú upp í líkhúsum í Bretlandi, en fjármálakreppan þar í landi hefur gert að verkum að aðstandendum gengur illa að selja eignir úr dánarbúum til að greiða fyrir útför ættingja sinna. Hið opinbera veitir nærri 900 evra styrk til greftrunar, en seinangangur og skriffinniska í breska ríkisbákninu gerir að verkum að greiðslur berast seint. Fjármálakreppan hefur orðið til þess að útfararþjónusta, sem reiðir sig á lánsfé til að fjármagna daglegan rekstur, er mjög aðþrengd. Útfararstofur treysta sér því ekki lengur til að veita viðskiptavinum sínum lán fyrir greftrunarkostnaði, með þeim afleiðingum að dæmi eru um að lík biði í tvo mánuði eftir greftrun.



Fá peninginn án flotaaðstoðar

„Hrun íslenska hagkerfisins hefur verið ófögur sjón og hið versta er að breskir sparifjareigendur virðast hafa tapað á öllu saman,“ sagði nýverið í sunnudagsblaði The Times. Blaðið benti þó á að fátt væri svo með öllu illt að ekki boðaði nokkuð gott og kvað Breta geta „endurheimt eitthvað af peningum sínum og það án þess að senda flotann á vettvang“. Lausnin er sögð frí á Íslandi, því hrun krónunnar þýði að ferðamenn fái hér allt á hálfvirði. Umfjöllun blaðsins er landinu vinsamleg og sérstaklega virðist blaðamaðurinn hrifinn af næturlífinu, sem hann segir „ólíklegt að hægist nokkuð þótt efnahagslíf landsins sé að hrynja“, enda séu „víkingar harðari af sér en svo“.



Hefðbundinn matur í sókn

Kaupmenn þykjast merkja breytta hegðun landsmanna í matarinnkaupum sökum efnahagslæggðarinnar sem nú ríki. Á þessu vekur Bændablaðið athygli í forsiðufrétt þar sem rætt er við Pétur Allan Guðmundsson, kaupmann í Melabúðinni. Hann segir samdrátt í margvíslegri munaðarvöru, en kveðst þó ekki merkja að fólk sé almennt að færa sig frá innfluttum varningi í innlenda „þó megi sjá mjög ákveðna sókn í hefðbundinn íslenskan mat – heimilismatinn – eins og slátur, svið og súpukjöt“, hefur Bændablaðið eftir Pétri.



11 breskir háskólar áttu fé á reikningum íslenskra banka. Oxford-háskóli átti sýnu mest og horfir fram á allt að sex milljarða króna tap. Cambridge er í öðru sæti með tveggja milljarða tap.

1694 er árið sem horfa þarf aftur til í Bretlandi til að finna jafnlága innlánsvesti og viðskiptavinir breskra banka horfa nú fram á vegna þrenginga fjármálaheimsins.

20 milljónir starfa hverfa í heiminum gangi eftir nýjasta spá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Samdrátturinn er rakinn til fjármálakreppunnar.

Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði!



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 60.600

Kirsuber



Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is



Samstæðan kr. 112.700

Danfoss tengigrindur

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-, snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl.

Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.

Áratuga reynsla stjórnbúnaðar

við íslenskar hitaveituaðstæður.

Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á

stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Danfoss

1933 • 2008

75



Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf

Skútuvoði 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is